

meðdómendunum Gauki Jörundssyni lektor og Jóni L. Arnalds deildarstjóra.

Dómsorð:

Stefndu Guðjón og Örn Baldvinsynir eiga að vera sýknir persónulega í máli þessu. Málskostnaður gagnvart þeim fellur niður.

Stefnda Strandberg h/f er skylt að fella niður úr firmaheiti sínu nafnið „Strandberg“ og afmá það úr hlutafélagaskrá.

Stefndi Strandberg h/f greiði stefnanda, Guðfinnu Ástu Strandberg, kr. 8.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. nóvember 1968.

Nr. 103/1968. **Rafmagnsveitur ríkisins**

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

Hákoni Sigurðssyni

(Skúli J. Pálmason hdl.).

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Loqi Einarsson og prófessor Theódór B. Línadal.

Vinnuslys. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. maí 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu samkvæmt heim-

ild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 með stefnu 31. maí 1968, gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 927.835.70 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 916.135.00 frá 31. janúar 1961 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagn-áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 75.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Rafmagnsveitur ríkisins, greiði gagn-áfrýjanda, Hákonu Sigurðssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 75.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. desember 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 16. f. m., hefur Hákon Sigurðsson rafvirki, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 17. september 1966, á hendur Rafmagnsveitum ríkisins til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 927.835.70 með 7% ársvöxtum af kr. 918.135.00 frá 31. janúar 1961 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, en til vara, að hin umstefnda fjárhæð verði lækkuð verulega og málskostnaður verði látinn niður falla.

Þá hefur stefnandi stefnt Vátryggingafélaginu Tryggingu h/f til réttargæzlu, en stefndi hefur keypt ábyrgðartryggingu hjá félaginu. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, og af hans hálfu eru engar kröfur hafðar uppi í málinu.

Málavextir eru þeir, að hinn 31. janúar 1961 var stefnandi, sem þá var starfsmaður stefnda, að vinna uppi í stauraspennistöð skammt frá bænum Grænahaugi í Nesjahreppi í Austur-Skafta-fellssýslu. Stefnandi hafði notað svonefnda stauraskó til að kom-

ast upp að spennistöðinni og hafði um sig öryggisbelti. Umrætt öryggisbelti er gert úr ofnum gjarðarborða og er í tveimur hlutum, mittisól og lífreim. Á mittisólinni eru tvær D-laga hringjur. Á endum lífreimarinnar eru eins konar taumlásar lokaðir með fjöður. Er lífreimin fest við mittisólina með því að krækja lásunum á hringjurnar á mittisólinni, og loka þá fjaðrirnar lásunum. Þegar klifrað er upp staura, er lífreiminni venjulega brugðið utan um staurinn til stuðnings, og einnig er lífreiminni brugðið utan um slár eða einangrara, þegar komið er í vinnustöðu.

Er stefnandi var að vinna við spennistöðina, vildi svo til, að hann féll úr staurnum og slasaðist, eins og síðar verður rakið. Tveir samstarfsmenn stefnanda voru nálægir, er slysið varð. Annar þeirra, Þórhallur Dan Kristjánsson, vann við spennistöðina með stefnanda, en hinn, Sigurður Þorsteinsson, var við vinnu á jörðu niðri.

Hefur Þórhallur gefið eftirfarandi lýsingu á atburðinum, Þórhallur kveður þá þrjá hafa verið að byrja að ganga frá heimtaugarspenninum og hafi það verið um kl. 1700. Hann kveður kalda hafa verið á norðan og dálítið frost. Þórhallur kveður aðstæður vera þannig, að spennirinn sé festur á tvo staura og sé hann festur að ofan með járnslá og með tréslá að neðan. Fyrir ofan járnslána kveður hann svo vera þriðju slána, en á hana séu festir einangrarar. Þórhallur kveður þá Hákon hafa byrjað að ganga frá þeim og hafi þeir farið upp sinn hvorn staurinn. Þeir hafi svo farið úr stauraskónum og staðið á járnslánni og haft öryggisbeltin krækt utan um slána, sem einangrararnir voru á. Þórhallur kveður klofajárn vera sett um slána og séu þau festingar fyrir einangrarana, en bolti sé settur í að neðan og jarðsambandsvír settur undir róna. Hann kveður þá hafa hert róna með höndunum, eins og þeir hafi getað. Kveðst Þórhallur hafa verið búinn að taka lykil úr beltinu sínu til að herða naglann. Þórhallur kveðst nú ekki hafa tekið það eftir stefnanda, að hann hafi séð, hvort hann var búinn að taka lykilinn úr sínu beltinu, en hann kveðst hafa séð, að stefnandi kippti sér að slánni og sneri sér eitthvað í beltinu og settist svo í það. Kveður hann þá beltinu hafa gefið eftir og hafi stefnandi fallið aftur yfir sig, en hann hafi rétt sig við á leiðinni niður og hafi, að því er virtist, komið niður á fæturna og sitjandann. Kveður Þórhallur stefnanda hafa náð að hafa hönd á heimtaugarlínunni, um leið og hann féll, og muni það hafa hjálpað til, að hann kom ekki verr niður. Þórhallur kveður stefnanda hafa legið alveg hreyfingarlausan, eftir

að hann kom niður, og hafi þeir Sigurður ekki hreyft við honum. Þórhallur kveðst hafa séð, þegar hann kom niður úr staurnum, að beltið hafi legið afkrækt út frá stefnanda. Kveðst hann strax hafa skoðað lásinn og þá hafa séð, að í honum var moldarköggull, er muni hafa komið í við fallið. Þórhallur kveður það skoðun sína, að beltið hafi hlotið að opnast á einhvern hátt eða að það hafi staðið á sér og hafi það svo afkrækzt við hreyfinguna, en hann kveður þá báða hafa verið búna að sitja í beltunum um 10 mínútur. Þórhallur kveður stefnanda hafa verið mjög lipran staurmann, duglegan og gætinn að sama skapi.

Sigurður Þorsteinsson var að vinna hálfboginn á jörðu niðri, er slysið varð. Kveðst hann hafa heyrt eitthvað hrapa niður úr staurnum og þá litið upp. Hafi hann þá séð, að stefnandi var að falla niður og virzt hann lenda aftur yfir sig og koma niður á bakið.

Ágreiningslaust er með aðiljum að leggja frásagnir þessar til grundvallar um atvik að slysinu. Hefur stefnandi og fyrir dómi lýst þær réttar.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að yfirleitt sé sami maður jafnan með sitt belti, að minnsta kosti hafi svo verið í hans flokki, og hafi enginn annar en hann notað belti það, sem hann var með, er slysið varð. Stefnandi telur, að eitthvað hafi verið búið að nota beltið, er hann fékk það í hendur, en kveður það samt hafa verið nýlegt og ekki slitið. Álítur stefnandi, að hann hafi verið búinn að nota beltið í um það bil hálf tveimur árum, er slysið varð. Stefnandi kveðst hafa vitað, áður en slysið varð, að belti með ferköntuðum hringjum gætu opnast við visst átak, þegar lásinn er í vissri afstöðu til hringjunnar, en hins vegar kveðst hann hafa talið, að belti með D-laga hringju væru alveg örugg.

Vitnið Guðjón Guðmundsson, rekstrarstjóri Rafmagnsveitna ríkisins, hefur skýrt svo frá, að eftir því sem hann og starfsmenn stofnunarinnar viti bezt, hafi umrætt belti verið keypt beint frá hinum erlenda framleiðanda eða erlendu verkfærasölu fyrirtæki. Ekki kveðst hann hafa getað komizt að því, hvenær beltið var keypt, en kveður það hafa verið keypt nýtt og eftir því sem hann bezt viti, hafi það verið afhent stefnanda beint, enda hafi hann verið verkstjóri á þessum tíma. Ekki kveðst vitnið geta sagt með vissu, hversu lengi beltið hafi verið í notkun, er slysið varð, en það kveðst telja, að það hafi þá ekki verið búið að vera lengi í notkun. Vitnið kveður ekki hafa verið um að ræða neitt slit á beltinu sökum notkunar. Ekki kveður vitnið neina athugun

eða prófun fara fram á nýjum öryggisbeltum, þegar þau eru tekin í notkun, að öðru leyti en því, að ytra útlit þeirra sé skoðað. Kveður vitnið belti þessi vera keypt frá viðurkenndum framleiðendum í trausti þess, að ekki sé um neina galla að ræða, enda sé ekkert til sparað við kaup á slíkum öryggistækjum. Vitnið kveður „fabrikationsgalla“ fyrst og fremst vera smíða-eða efnisgalla, en með „konstruktionsgalla“ kveður vitnið átt við það, að tæknilegri uppbyggingu hlutar sé áfátt. Vitnið telur ekki unnt fyrir starfsmenn, sem fá slík belti í hendur, að uppgötva slíkan konstruktionsgalla á þeim. Kveður vitnið konstruktionsgalla hafa komið fram í öryggisbeltum, sem verið hafi með ferhyrndum hringjum, og hafi hann verið í því fólgin, að þegar lásinn á lífreiminni hafi verið í vissri afstöðu til hringjunnar, hafi lásinn getað opnast, án þess að þrýst væri á læsingu hans með höndunum.

Ekki hlutuðust fyrirvarsmenn stefnda til um það, að opinber rannsókn færi fram út af slysinu. Ekki hlutaðist heldur stefnandi sjálfur eða fyrirvarsmaður hans til um, að slík rannsókn færi fram. Hins vegar framkvæmdi Öryggiseftirlit ríkisins að frumkvæði lögmanns stefnanda athugun á öryggisbelti því, sem stefnandi notaði, er slysið varð. Er umsögn stofnunarinnar um þessa athugun svohljóðandi:

„Bréf yðar, herra hæstaréttarlögmaður, dags. 1. des. s.l., hefur eftirlitið mótttekið ásamt öryggisbelti (belti með stuðningsreim) merktu með eirplötu, sem sýnir, að það er af gerð LC-23-C og framleitt af R. H. Ruhrke Co. Phila. USA fyrir Signal Corps U. S. Army.

Við fyrstu athugun verður ekki annað séð en að beltið ásamt stuðningsreiminni og festingum hennar sé af viðurkenndri gerð og í fullkomnu lagi. Við nánari athugun og tilraunir kom svo í ljós, að þegar slaknaði á stuðningsreiminni þannig, að tengihringir hennar lögðust afturávið, þurfti ekki nema lítið en snöggt átak til þess, að hringurinn legðist þannig að lás festikróksins, að hann opnaðist og krókurinn kræktist úr hringnum. Þessa stöðu milli króka og hringja virtist auðvelt að fá á báðum tengihringjunum, en annar krókurinn virtist hafa frekari tilhneigingu til að krækjast úr hringnum.

Að þessum athugunum gerðum telur eftirlitið, að slys það, sem Hákon Sigurðsson varð fyrir, hafi orsakast af framangreindum galla á beltinu og að beltið verði að teljast ónothæft“.

Þrátt fyrir það, þótt opinber rannsókn færi eigi fram, þykir

mega leggja dóm á málið, enda er eigi ágreiningur um það, að orsök slyssins verði rakin til þess, að annar af öryggislásum þeim, sem tengja lífreimina við mittisólina, hafi opnast.

Af hálfu stefnanda er fébótaábyrgð stefnda byggð á því, að atvinnurekstur sá, sem stefndi annist og stefnandi hafi starfað við, sé stórhættulegur. Beri stefnda því að bæta stefnanda allt það tjón, sem hann hafi orðið fyrir af völdum slyssins. Þá er fébótaábyrgð stefnda og byggð á því, að öryggisbelti það, sem stefnanda hafi verið fengið til afnota við vinnu sína, hafi verið gallað, smíði þess sé röng og hafi það því verið haldið smíðagalla (kostruktionsgalla) og hafi þessi galli verið orsök slyssins. Er því haldið fram, að hvor grundvöllurinn fyrir sig sé fullnægjandi til þess, að stefnda beri að bæta stefnanda allt það tjón, sem hann hafi hlotið af völdum slyssins.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að fébótaábyrgð verði ekki lögð á hann eftir hlutlægum reglum. Er því haldið fram, að atvinnurekstur sá, sem stefndi hefur með höndum, sé ekki hættulegur í þeim skilningi, sem lagður sé í það hlugtak samkvæmt íslenskum skaðabótarétti. Þá er því haldið fram, að fébótaábyrgð verði ekki lögð á eftir öðrum hlutlægum reglum, enda sé það andstætt meginreglu íslensks skaðabótaréttar. Komi hins vegar til álita að beita rýmkaðri saknæmisreglu, þá sé á það að líta, að stefndi hafi keypt umrætt öryggisbelti, sem sé af viðurkenndri gerð, af framleiðanda þess og hafi beltíð verið nýlegt og í fullkomnu lagi. Stefndi og starfsmenn hans hafi mátt treysta því, að beltíð væri í fullkomnu lagi, enda hafi kunnáttumenn ekki komið auga á gallann fyrr en eftir slysið, er leitað var skýringa á því, hvernig það hafi getað orðið. Er því haldið fram, að orsök slyssins verði ekki rakin til neinna mistaka af hálfu fyrirvarsmanna stefnda eða starfsmanna hans. Er því haldið fram, að fyrirvarsmenn og starfsmenn stefnda hafi viðhaft alla þá gát, sem krafizt verði af reyndum og gætnum starfsmönnum á því athafnasviði, sem hér um ræðir. Verði eigi fallizt á þessar málsástæður, þá er því haldið fram, að eigi beri að dæma stefnanda fullar bætur. Er á það bent í því sambandi, að stefnandi hafi verið sá kunnáttumaður í þjónustu stefnda, sem átt hafi að gæta þess, að umrætt beltíð væri í fullkomnu lagi. Er því og haldið fram, að stefnandi hafi verið vanur stauramaður, auk þess flokksstjóri (verkstjóri) og hafi hann verið búinn að starfa við slík störf og hafi borið gott skynbragð á slík beltí,

enda verið búinn að nota þau um árabíl. Er því haldið fram, að stefnandi hafi haft kunnáttu til og verið fær um að halda beltinu í lagi og hafi stefnandi með því að gæta þess eigi viðhaft þá háttsemi, sem leiði til þess, að hann verði sjálfur að bera hluta af tjóni því, sem hann hefur orðið fyrir af völdum slyssins.

Það er ágreiningslaust, að slysið hafi orðið með þeim hætti, að annar af lásum þeim, sem tengja lífreimina við beltíð, hafi opnast, en við það hafi stefnandi fallið úr staurnum, eins og áður er lýst. Samkvæmt umsögn Öryggiseftirlits ríkisins verður að telja, að öryggisbeltíð sé haldið þeim smíðagalla (konstruktionsgalla), að lásar þeir, sem tengja lífreimina við beltíð, geti opnast við notkun við vinnu í staurum án beins tilverknaðar notandans. Er það og skoðun hinna sérfróðu samdómenda, sem rannsakað hafa beltíð.

Umrætt öryggisbelti hafði verið fengið stefnanda til nota við vinnu hans uppi í staurum, enda varð slík vinna ekki framkvæmd án slíks beltis. Var hér um að ræða sérstaka öryggisráðstöfun, sem fyrir er mælt í 1. mgr. 25. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Stefnandi mátti því treysta því, að beltíð væri ekki haldið slíkum smíðagalla (konstruktionsgalla), að lásar þeir, sem tengja lífreimina við beltíð, gætu opnast án beins tilverknaðar notanda beltisins. Það verður eigi talið, að fyrirsvarsmenn stefnda eða starfsmenn hans, þar á meðal stefnandi, hafi mátt gera sér grein fyrir smíðagalla þeim, sem á beltinu er, eða að þeir hafi haft ástæðu til að draga í efa öryggi það, sem beltíð átti að veita. Hins vegar þykir vinnuveitandi verða að bera ábyrgð á því gagnvart starfsmanni sínum, að slíkt öryggis-tæki sé ekki haldið leyndum galla, sem telja verður að umræddur smíðagalli (konstruktionsgalli) hafi verið. Verður því lögð á stefnda fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins. Það er eigi í ljós leitt, að stefnandi hafi ekki notað öryggisbeltíð á réttan hátt, er slysið varð, eða sýnt af sér aðra óaðgæzlu við framkvæmd verksins. Eins og áður er rakið, verður eigi talið, að stefnandi hafi mátt gera sér grein fyrir smíðagalla þeim, sem á beltinu er, eða að hann hafi haft ástæðu til að draga í efa öryggi það, sem beltíð átti að veita. Þykir því ekki grundvöllur til að skipta fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, og verður hún lögð óskipt á stefnda.

Verður nú afstaða tekin til fjárhæðar dómkröfu stefnanda, en hún er sundurliðuð þannig:

1. Örorkutjón samkvæmt útreikningum Ómars Árnasonar, cand act.,	kr. 908.132.00
að frádregnum bótum frá Tryggingastofnun ríkisins,	— 78.534.00
slysakaupi frá stefnda	— 4.462.50
og bótum frá réttargæzlustefnda	— 7.000.00
	<hr/>
	kr. 818.135.50
2. Bætur fyrir þjáningar, óþægindi, lýti og röskun á stöðu og högum	— 100.000.00
3. Útlagður kostnaður	— 9.700.00
	<hr/>
	Kr. 927.835.50

Um 1. Daginn eftir slysið var stefnandi lagður í Landspítalann. Um meiðsli þau, sem stefnandi hlaut við slysið, dvölinna á sjúkrahúsinu og niðurstöðu síðari skoðunar segir svo í vottorði dr. med. Snorra Hallgrímssonar, dags. hinn 2. júlí 1965:

„... Slysið var talið hafa skeð með þeim hætti, að er hann var að vinna við raflögn í rafmagnsstaur, féll hann niður og kom niður á hægri fót og bak á frosinn uppmokstur úr skurði. Fallið var talið hafa verið 7—8 metrar.

Daginn eftir var Hákon lagður í IV. deild Landspítalans, og leiddi rannsókn þar í ljós brot á I. lendalið og afrifubrot á V. ristarbeini hægri fótar. Engin einkenni um sköddun á mænu.

Hann var látinn liggja rúmfastur í sex vikur og útskrifaðist af deildinni 16. 3. 1961.

Hann byrjaði að vinna lítilsháttar í júní 1961, en telur sig ekki hafa getað unnið fullan vinnudag, fyrr en komið var fram í ágúst sama ár.

Við skoðunina 23. f. m. upplýsir Hákon, að hann hafi alltaf, síðan hann fór að hafa fótavist eftir slysið, haft nokkur óþægindi í bakinu. Hann á erfitt með að beita sér við lyftingar, fær þá sársaukatilkenningu í mitt mjóbakið og finnst það vilji gefa eftir. Þá fær hann þreytuverk í bakið við að standa eða sitja til lengdar og hefur einnig verk í bakinu í hvíld, eftir áreynslu. Úthvöldur er hann að jafnaði óþægindalaus, en er mun úthaldsminni við vinnu en fyrir slysið. Hann treystir sér ekki til að stunda vinnu, sem hefur verulega bakraun í för með sér, eins og til dæmis mokstur með skóflu.

Síðastliðin tvö ár hefur Hákon verið látinn nota orthopedískt corsett, og hefur það verulega bætt líðan hans, en hann telur sig ekki geta verið án corsetts. Hann finnur ekki til neinna óþæginda frá ristarbrotinu.

Við skoðun kom eftirfarandi í ljós:

Kröftugur og hraustlegur maður. Gangur eðlilegur. Við skoðun á hrygg sést væg útbeygja til hægri í mjóbaki. Hreyfing í mjóbaki er sem næst eðlileg, en við mestu beygingu fram á við kvartar hann um vægan sársauka í miðju mjóbaki. Ganglimir virðast eðlilegir.

Röntgenskoðun strax eftir slysið sýndi þrýstingsbrot á I. lenda-lið, en auk þess sprungu þvert upp í gegnum liðbolinn framantil, og var lítilsháttar stallur á neðri liðfleti liðbolsins svo og á framhlið hans. Engin teljandi hliðarskekkja. Röntgenskoðun í október 1963 sýnir, að brotið er vel gróið, en beinútvöxtur hefur myndast á frambrún liðsins ofantil, og skagar þessi beinútvöxtur upp á við í áttina að næsta liðbol fyrir ofan.

Hér er um að ræða þrítugan rafvirkja, sem fyrir rúmum fjórum árum hlaut brot á I. lendalið með þeim afleiðingum, að liðbolurinn hefur aflagast nokkuð, og auk þess hefur orðið sköddun á brjóskpófanum milli þessa liðbols og næsta liðbols fyrir ofan, en það má ráða af þeim breytingum, sem sjást á röntgenmyndum. Þá má einnig gera ráð fyrir, að næsti brjóskpófi fyrir neðan hinn brotna liðbol hafi skaddast við slysið, þar eð neðri liðflötur liðbolsins hafði brotnað og aflagast nokkuð. Óþægindi þau, sem Hákon lýsir, samsvara því, sem búast má við eftir meiðsli sem þetta, og má gera ráð fyrir, að þessi óþægindi fari sízt minnkandi með árunum. Öllu heldur má búast við vaxandi slitbreytingum frá umræddum brjóskpófum og þá um leið vaxandi óþægindum. Gera má ráð fyrir, að hann muni framvegis þurfa að nota orthopedískt corsett“.

Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur skoðað stefnanda og metið örorku hans af völdum slyssins. Auk þess sem vottorð dr. med. Snorra Hallgrímssonar er rakið í mati tryggingayfirlæknisins, segir þar svo:

„Slysið var með þeim hætti, að slasaði var við vinnu sína fyrir Rafmagnsveitur ríkisins og var við vinnu í stauraspennistöð í ca. 6 metra hæð, en féll þá niður og aftur yfir sig.

Hann mun hafa verið fluttur á Landspítalann næsta dag, og í vottorði prófessors Snorra Hallgrímssonar 6/11 1961 þá segir,

að um hafi verið að ræða Fractura columnae LI et fractura tuberositas metatarsi V.

Önnur læknisvottorð bárust ekki um manninn þá, en sumarið 1965 mun hann hafa leitað til prófessors Snorra Hallgrímssonar, og það liggur fyrir vottorð prófessors Snorra um ástand mannsins, og er það svohljóðandi: . . .

Maðurinn kom til viðtals hjá undirrituðum hinn 21/6 1965. Hann skýrir frá meiðslinu, eins og lýst er hér að framan.

Kveðst hafa verið frá vinnu um það bil 6 mánuði eftir slysið. Hefur ekki verið frá vinnu síðan vegna bakóþæginda, en kveðst að jafnaði hafa verki í baki við alla áreynslu. Hann hefur notað stuðningsbol síðastliðið eitt og hálf t ár og telur sig ekki geta verið án þess.

Við skoðun á baki er ekkert athugavert að finna.

Röntgenskoðun vísast til vottorðs prófessors Snorra Hallgrímssonar.

Ályktun: Hér er um að ræða þrítugan mann, sem slasast við vinnu sína fyrir nærri fimm árum og hlaut þá brot á hrygg og fæti. Hann hefur haft varanleg óþægindi vegna hryggbrotsins, hefur ekki þolað áreynsluvinnu, en hefur getað stundað starf sitt sem rafvirki. Hann notar stuðningsbol að staðaldri.

Röntgenskoðun sýnir breytingar í hrygg á brotstaðnum, og er sennilegt, að viðloðandi og varanleg óþægindi verði í bakinu vegna meiðslisins.

Maðurinn hefur vegna slyssins hlotið tímabundna og varanlega örorku, og telst sú örorka hæfilega metin þannig:

Í 6 mánuði	100%	örorka
Í 3 —	75%	—
Í 3 —	50%	—
Í 6 —	25%	—
Og síðan varanleg örorka 20%“.		

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Ómar Árnason tryggingafræðingur reiknað örorkutjón stefnanda. Um grundvöll útreikningsins og niðurstöðu segir svo í bréfi tryggingafræðingsins, dags. hinn 25. janúar 1966:

„Útreikningurinn er grundvallaður á örorkumati Páls Sigurðssonar læknis, sem metur í bréfi, dags. 25. 10. 1965, örorku slasaða af völdum slyssins sem hér greinir:

Tafla 1. Örorikumat.

Tímabil:	Mánuðir:	Örorka:
Frá 31. 01. '61 til 30. 07. '61	6	100%
— 31. 07. '61 — 30. 10. '61	3	75%
— 31. 10. '61 — 30. 01. '62	3	50%
— 31. 01. '62 — 30. 07. '62	6	25%
— 31. 07. '62 varanlega		20%

Ennfremur byggist útreikningurinn á vinnutekjum slasaða árin 1958—1960 samkvæmt skattframtölum hans og slysatilkynningu. Tekjur þessar eru sýndar í töflu 2 ásamt samsvarandi unnum dagvinnustundum á viku, miðað við 47½ vinnuviku á ári samkvæmt kauptaxta rafvirkja hjá Rafmagnsveitum ríkisins að meðtöldu orlofi. En eins og fram kemur í skattframtölum og samkvæmt upplýsingum Kaj Ólafssonar, fulltr. hjá Rafmagnsveitum ríkisins, var slasaði starfsmaður þar frá 8. 12. 1958 og flokksstjóri með 10% álagi á kaup frá október 1960.

Tafla 2. Vinnutekjur og unnar stundir fyrir slys.

Ár	Vinnutekjur. Kr.	Meðalvikukaup ársins í dagvinnu (48 klst.) incl. orlof. Kr./viku	Samsvarandi unnar dagvinnustundir á viku. Klst./viku
1958	119.617.00	1.295.90	93.6
1959	94.761.00	1.303.91	73.7
1960	110.845.00	1.319.50	85.2
		Meðaltal 1958—1960 =	84.2.

Samkvæmt töflu 2 hefur slasaði síðustu þrjú ár fyrir slysið að meðaltali unnið 84.2 dagvinnustundir á viku, sem samsvara 48 stunda dagvinnu, 10 stunda eftirvinnu og 10.6 stunda næturvinnu á viku. Þykir því hæfilegt að miða áætlun um vinnutekjur slasaða eftir slysið við 48 stunda dagvinnu, 10 stunda eftirvinnu og 10½ stunda næturvinnu á viku í 47½ viku á ári að meðtöldu orlofi. Hinn 1. 09. 1965 styttist dagvinnuvikan í 44 stundir, og þykir frá þeim tíma hæfilegt að miða áætlaðar vinnutekjur við 44 stunda dagvinnu, 10 stunda eftirvinnu og 12½ stunda næturvinnu.

Tafla 3 sýnir þannig áætlaðar árlegar vinnutekjur, reiknaðar í samræmi við ofangreindan kauptaxta rafvirkja með þeim breyt-

ingum, sem á honum hafa orðið og slasaði hefði notið góðs af frá slysdegi til dagsins í dag. Af breytingum ber helzt að nefna eftirfarandi:

Frá 1. 7. '61 til 1. 9. '65 greiðist 10% álag á kaup fyrir óþrifa-vinnu, og er reiknað með, að slasaði fái að meðaltali 5% álag. Frá 12. 7. '63 greiðist 15% álag fyrir flokkstjórn í stað 10% áður, en sem fyrr greinir var slasaði flokkstjóri. Frá sama tíma, 12. 7. '63, greiðist 10% álag fyrir námskeið, en samkvæmt Kaj Ólafssyni hafði slasaði sótt slíkt námskeið og fengið því það álag auk hinna. Stighækkandi kaup greiðist frá 12. 7. '63 eftir 3 og 5 ára vinnutíma og frá 1. 9. '65 eftir 1, 2, 3 og 8 ára vinnu-tíma, og reiknast slasaði því í hæsta flokki frá 8. 12. '66. Hlutfall milli dag-, eftir- og næturvinnu breytist fram og aftur á tíma-bilinu, sem gerir það að verkum, að hlutfall milli meðalviku-kaups ársins í dagvinnu eingöngu, sem sýnt er í töflu 3, og áætl-aðra ársvinnutekna breytist frá ári til árs. Tafla 3 sýnir einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverj-um tíma sami hluti af áætluðum vinnutekjum og örorka er metin, sbr. töflu 1.

Tafla 3. Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap.

Ár eftir slysið	Aldur Ár	Meðalvikukaup		
		í dagv. eing. incl. orlof. Kr./viku	Áætlaðar vinnutekjur Kr./ár	Áætlað vinnu- tekjutap Kr./ár
1.	26	1.611.35	134.561.00	107.630.00
2.	27	1.866.32	156.423.00	34.967.00
3.	28	2.374.35	198.930.00	39.786.00
4.	29	3.146.07	259.877.00	51.976.00
5.	30	3.570.09	299.519.00	59.904.00
6.	31	3.800.05	337.002.00	67.400.00
7.				
og síðari	32	3.859.81	342.290.00	68.458.00
Verðmæti vinnutekjutaps samkvæmt áætlun þessari á slysdegi reiknast nema:				
Vegna tímabundinnar örorku í 18 mánuði kr. 120.808.00				
Vegna varanlegrar örorku eftir þann tíma — 743.271.00				
<hr/>				
Samtals kr. 864.079.00				

Reiknað er með 7% vöxtum p. a., dánarlíkum íslenskra karla

samkvæmt reynslu áráanna 1951—1960 og líkum fyrir missi starfsorku eftir samskri reynslu“.

Eins og fram kemur í bréfi tryggingafræðingsins, er útreikningur þessi byggður á vinnutekjum stefnanda árin 1958—1960 samkvæmt skattframtölum hans og slysatilkynningu. Stefnandi taldi ekki fram til skatts á árinu 1961, og áætluðu skattayfirvöld stefnanda í tekjur á árinu 1960 kr. 75.000.00. Samkvæmt tilkynningu stefnda til Tryggingastofnunar ríkisins um slysið kemur fram, að vinnutekjur stefnanda á árinu 1960 námu kr. 110.845.36. Tryggingafræðingurinn endurskoðaði útreikning sinn með tilliti til þeirrar vísitöluhækkunar, sem orðið hafði hinn 1. september 1966, eins og fram kemur í bréfi hans frá 15. september 1966. Samkvæmt því kveður hann heildarniðurstöðu útreiknings síns frá 25. janúar 1966 hækka úr kr. 864.079.00 í kr. 908.132.00. Vegna athugasemda, sem komið höfðu fram af hálfu stefnda, gerði tryggingafræðingurinn frekari grein fyrir útreikningum sínum í síðastgreindu bréfi. Segir þar m. a. svo:

„Að beiðni yðar hef ég endurskoðað útreikninga mína á ofangreindu tjóni frá 25. janúar 1966 með tilliti til þeirrar vísitöluhækkunar, sem orðið hefur síðan, svo og hef ég séð skýrslur hr. Þóris Bergssonar tryggingafræðings frá 28/3 1966 og 13/6 1966.

I. Með tilliti til hækkunar vísitölu pr. 1. sept. 1966 þá hækkar heildarniðurstaða útreiknings míns frá janúar s.l. úr kr. 864.079.00 í kr. 908.132.00.

II. Með tilvísun í útreikninga hr. Þóris Bergssonar vil ég taka þetta fram:

Ef ég tek út úr reikningum mínum það 10% álag á kaup, sem Hákon fékk frá 12/7 1963 fyrir námskeið, sem hann sótti, þá lækkar niðurstaða mín í kr. 839.245.00. Ef ég tek út úr útreikningum mínum 2 tíma viðbót á næturvinnu vegna styttingar dagvinnutíma rafvirkja frá 1/9 1965, þá lækkar niðurstaðan í kr. 877.475.00. En ef ég tek hvort tveggja þetta út úr mínum útreikningum, þá nemur heildarniðurstaða mín kr. 811.380.00; allt miðað við vísitöluhækkunarir á kaup til og með 1/9 1966. . . .“.

Samkvæmt vottorði Tryggingastofnunar ríkisins hefur stefnandi fengið greitt vegna slyssins frá stofnuninni dagpeninga, kr. 1.216.00, örorkubætur, kr. 78.534.00, og vexti af örorkubótum, kr. 21.258.00.

Af hálfu stefnda er mótmælt grundvelli þeim, sem tryggingafræðingurinn byggir útreikninga sína á, svo og niðurstöðum þeirra og fjárhæð þeirri, sem stefnandi krefur um samkvæmt

Þessum lið. Er því haldið fram í því sambandi, að bætur vegna tímabundinnar örorku séu of háar svo og bætur fyrir varanlega örorku, enda sé eigi rétt að reikna með 10% álagi fyrir nám-skeið, 5% álagi vegna óþrifavinnu, eigi beri að reikna með vinnu-tapi, á meðan á námi stendur. Þá beri og að hafa í huga, að raunverulegur orkumissir sé minni en hið læknisfræðilega mat segi til um og hið persónubundna tap stefnanda sé mun minna en útreikningur Ómars Árnasonar segi til um. Þá er því haldið fram, að við ákvörðun bóta beri að taka tillit til skattfrelsis þeirra og hagræðis þess, sem stefnandi hafi af eingreiðslu bót-anna. Þá er því haldið fram, að frá bótum, eins og þær kunni að verða ákveðnar, beri að draga greiðslur þær, sem til stefn-anda hafa gengið frá stefnda, réttargæzlustefnda og Trygginga-stofnun ríkisins.

Þegar hliðsjón er höfð af útreikningum þeim á fjárhagstjóni stefnanda af völdum slyssins, sem stefnandi byggir á og byggðir eru á vinnutekjum hans árin fyrir slysið, tillit tekið til kaup-lagsbreytinga, sem orðið hafa, frá því er slysið varð, og jafnframt höfð í huga önnur þau atriði, sem máli þykja skipta við ákvörðun bóta sem þessara, þá þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfi-lega metnar kr. 500.000.00. Hafa þá verið dregnar frá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 79.750.00, og greiðslur frá stefnda, kr. 4.462.00, og réttargæzlustefnda, kr. 7.000.00.

Um 2. Af hálfu stefnda hefur fjárhæð þessa kröfuliðs verið mótmælt sem of hárrí.

Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnanda verið rakin og lýst varanlegum áverkum, sem hann ber af völdum slyssins. Þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 70.000.00.

Um 3. Kröfuliður þessi, sem studdur er framlögðum gögnum, hefur ekki sætt andmælum. Verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefn-anda kr. 579.700.00 (500.000.00 + 70.000.00 + 9.700.00).

Af hálfu stefnda hefur því verið andmælt, að dæmdir verði vextir lengra aftur í tímann en fjögur ár frá þingfestingardegi, enda séu eldri vextir fyrndir.

Mál þetta var þingfest hinn 22. september 1966. Samkvæmt því eru eldri vextir en frá 22. september 1962 fyrndir, sbr. ákvæði 2. t. l. 3. gr. laga nr. 14/1905. Með hliðsjón af kröfugerð stefnanda verður stefndi því dæmdur til að greiða vexti sem hér segir: 7% ársvexti af kr. 570.000.00 frá 22. september 1962 til 1. janúar

1965, 6% ársvexti af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvexti af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 80.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Guðmundi Björnssyni vélaverkfræðingi og Sigurði Halldórssyni rafmagnsverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Rafmagnsveitur ríkisins, greiði stefnanda, Hákonu Sigurðssyni, kr. 579.700.00 með 7% ársvöxtum af kr. 570.000.00 frá 22. september 1962 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 80.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. nóvember 1968.

Nr. 149/1968. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Jónmundi Jónssyni

(Ragnar Jónsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Bifreiðar. Banaslys.

Dómur Hæstaréttar.

Ekki er upplýst í rannsókn máls þessa, að framrúða bifreiðarinnar G 3052 hafi verið óhrein og ákærði hafi þess vegna eigi haft næga útsýn úr bifreiðinni, er slys það varð,